## 65. fundar Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

haldinn í skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Strandgötu 38, Tálknafirði miðvikudaginn 2. nóvember 2022 og hófst kl. 15:00.

**Fundinn sátu:**

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ), Lilja Magnúsdóttir (LM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Þórdís Sif Sigurðardóttir (ÞSS) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Jón Árnason (JÁ) og Anna Vilborg Rúnarsdóttir (AVR) tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps.

**Dagskrá.**

1. **Skipan í embætti.**
   Nefndin velur sér formann og varaformann í upphafi nýs kjörtímabils.

   *Afgreiðsla:*
   *Samþykkt samhljóða að Lilja Magnúsdóttir verði formaður nefndarinnar og Jón Árnason verði varaformaður.*
   *Samþykkt að fundir nefndarinnar verði haldnir að jafnaði á tveggja mánaða fresti í Ráðhúsi Vesturbyggðar og næsti fundur verði í lok nóvember eða byrjun desember 2022.*

2. **Minjasafn Egils Ólafssonar, fjárhagsáætlun 2023.**
   Fjárhagsáætlun Minjasafns Egils Ólafssonar fyrir árið 2023 lögð fram.
   Inga Hlín Valdimarsdóttir (IHV), forstöðumaður minjasafnsins, sat fundinn undir þessum lið.

   *Afgreiðsla:*
   *Áætlun lögð fram og skýrði IHV hana. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.*

3. **Almenningssamgöngur á sunnanverðum Vestfjörðum.**
   Farið yfir stöðu mála varðandi almenningssamgöngur á sunnanverðum Vestfjörðum.
   Guðný Lilja Pálsdóttir (GLP), íþrótta- og tómstundafulltrúi, sat fundinn undir þessum lið.

   *Afgreiðsla:*
   *GLP gerði grein fyrir stöðu mála vegna undirbúnings útboðs vegna almenningssamgangna milli Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals sem er verkefni sem er unnið í samstarfi við Vegagerðina.*
   *Jafnframt var farið yfir verkefnið Pöntunarakstur sem er unnið í samstarfi við Vestfjarðastofu.*

4. **Brunavarnir í Vesturbyggð og á Tálknafirði.**
   Farið yfir stöðu mála vegna brunavarna á sunnanverðum Vestfjörðum.



ÞSS

*Afgreiðsla:*
*Samþykkt að framkvæmdastjórar sveitarfélaganna vinni málið áfram. Jafnframt samþykkt að fá slökkviliðsstjóra á næsta fund nefndarinnar.*

5. **Framhaldsdeild FSN á Patreksfirði.**
Lögð fram drög að uppfærðum samningi sveitarfélagnna við FSN um rekstur framhaldsdeildar á Patreksfirði.

*Afgreiðsla:*
*Framkvæmdastjórum sveitarfélaganna falið að ræða við stjórnendur FSN um uppfærðan samning og leggja fyrir sveitarstjórnir sveitarfélaganna til staðfestingar.*

6. **Óformlegar sameiningarviðræður Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.**
Lögð fram drög að samningi við KPMG vegna ráðgjafar vegna óformlegra sameiningarviðræðna.

*Afgreiðsla:*
*Samningur lagður fram og ræddur. Nefndin er sammála um að utanumhald verkefnisins verði vistað hjá Vesturbyggð.*

7. **Embætti íþrótta- og tómstundafulltrúa.**
Umræður um skipulag íþrótta- og tómstundamála og embætti íþrótta- og tómstundafulltrúa.

*Afgreiðsla:*
*Umræður. Málinu frestað til næsta fundar.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:15.

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir

Lilja Magnúsdóttir

Guðlaugur Jónsson

Jón Árnason

Anna Vilborg Rúnarsdóttir

Þórdís Sif Sigurðardóttir

Ólafur Þór Ólafsson